

Hóþferð á opnun nýrrar nautastöðvar Bí

Priðjudaginn 10. febrúar verður ný Nautastöð Bændasamtakanna að Hesti í Borgarfirði opnuð formlega. Öllum bændum landsins og öðru áhugafólki um nautgriparækt er boðið að berja húsið augum. Auk hefðbundinnar vígsluathafnar verður boðið upp á fyrirlestra um nautgriparækt, tónlistaratriði og veitingar. Nánari upplýsingar á www.bsst.is.

Nautgriparæktarfélag Flóamanna hefur í hyggju að leigja langferðabil og fara hóþferð á opnunina ef áhugi er fyrir hendi. Bíllinn myndi verða við Þjórsárver kl. 11:00, Félagslund 11:15 og við Nóatún Selfossi kl. 11:30. Áhugasamir hafi samband við undirritaða til að láta vita um þátttöku í síðasta lagi sunnudaginn 8. febrúar.

Stefán Gerðum sími: 8676907
Björn Holti sími: 8618651
Grétar Smjördölum sími: 4821070

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing eldri	3. febrúar
Íþróttæfing yngri	4. febrúar
Grunnskólamót HSK Hvolsvelli	4. febrúar
Tiltektardagur hjá Kvenfélagi Vill.	7. febrúar
Panta í nautgriparæktarferð	8. febrúar
Glímuæfing	9. febrúar
Íþróttæfing eldri	10. febrúar
Kynningarfundur hjá Sleipni	10. febrúar
Opnun nautastöðvar á Hesti	10. febrúar
Íþróttæfing yngri	11. febrúar
Opið hús hjá Kvenfélagi Vill.hr.	12. febrúar
Aðalfundur Sleipnis	12. febrúar
Aðalfundur Umf. Samhygðar	12. febrúar
Glímuæfing	16. febrúar
Íþróttæfing eldri	17. febrúar
Fyrirlestur um járnningar og hófhirðu	17. febrúar
Íþróttæfing yngri	18. febrúar
Aldursflokkamót og unglíngamót HSK	22. febrúar
Glímuæfing	23. febrúar
Grímuball í Félagslund	24. febrúar
Íþróttæfing yngri	25. febrúar
Fræðslukvöld í Flóaskóla	26. febrúar
Páskahret-frumsýning	27. febrúar



Áveitan



2. tbl, feb. 2009. 3. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Páskahret

Undanfarnar vikur hafa Ungmennafélögin í Flóahrepp staðið í ströngu við æfingar og uppsetningu á leikritinu Páskahret eftir Árna Hjartarson í leikstjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar. Nú styttist í að árangur erfiðisins komi í ljós og verður leikritið frumsýnt föstudaginn 27. febrúar í Þingborg. Fyrstu sýningar eru sem hér segir:

Frumskýning	föstudaginn 27. febrúar	kl: 20:30	Þingborg
2. sýning	sunnudaginn 1. mars	kl: 20:30	Þingborg
3. sýning	föstudaginn 6. mars	kl: 20:30	Þingborg
4. sýning	laugardaginn 7. mars	kl: 20:30	Þingborg
5. sýning	sunnudaginn 8. mars	kl: 20:30	Þingborg

Ungmennafélögin hvetja alla til að koma og sjá þessa stórskemmtilegu sýningu þar sem misskilningur, ástir og morð koma við sögu. Miðapantanir eru hjá Fanneyju í síma 892-4155. Miðaverð er 1500 kr.

Ungmennafélögin í Flóahrepp



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá sveitarstjóra

Frumathugun á 2+1 vegi frá Selfossi að Markarfljóti

Sveitarstjórn hefur tekið til athugunar frumathugun Vegagerðar á 2+1 vegi frá Selfossi að Markarfljóti ásamt uppdráttum af hugmyndum Vegagerðar um staðsetningu vegamóta og færslu Hringvegjar. Fram kom í erindi Vegagerðar að framkvæmdin er ekki að neinu leyti komin á dagskrá samgönguyfirvalda.

Óskað var eftir því að sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga taki erindið til athugunar fyrir vor 2009.

Sveitarstjórn fagnaði hugmyndum að vegbótum Suðurlandsvegjar og áskildi sér rétt til að koma með athugasemdir við þær.

Í ljósi þess að fyrirhugaðar vegbætur eru ekki á döfinni á næstunni var fyrri bókun sveitarstjórnar ítrekuð þar sem samþykkt var að skora á samgönguyfirvöld að setja aðreinar við helstu gatnamót á þjóðvegi 1 í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn óskaði jafnframt eftir úrbótum fyrir gangandi vegfarendur við Flóaveg í nágrenni Selfoss og lýsir yfir vilja til samráðs um þær.

Sveitarstjórn hefur einnig afgreitt hugmyndir Vegagerðar að breyttri legu Hringvegjar og brúarsstæði yfir Ölfusá að lokinni umfjöllun umhverfisnefndar Flóahrepps á brúarsstæði.

Sveitarstjórn sá ekki ástæðu til að gera ráð fyrir breytingu á brúarsstæði yfir Ölfusá frá gildandi aðalskipulagi í fyrrum Hraungerðishreppi 2003-2015.

Tengivegir Flóahrepps

Þeir tengivegir í Flóahreppi sem ekki hafa verið lagðir með bundnu slitlagi eru í afar lélegu ástandi. Viðhald og uppbygging tengivega í Flóahreppi hefur verið í lágmarki og þarf að auka verulega.

Sveitarstjórn hefur sent Vegagerðinni ályktun þar sem þess er krafist að unnið verði að markvissum úrbótum á tengivegum sveitarfélagsins og að til þess komi aukið fé og varanlegri aðgerðir.

Þeir vegir sem sveitarstjórn Flóahrepps telur mjög brýnt að lagfæra með varanlegum hætti hið fyrsta er Hamarsvegur nr. 308 og

Öndundarholtsvegur nr. 311 sem nýttur hefur verið sem neyðarvegur þegar Flóavegur lokast.

Einnig er bent á að Oddgeirshólavegur nr. 304 er í mjög lélegu ásigkomulagi og þess er vænst að farið verði í framkvæmdir við veginn

Konur

1.	Unnur Stefánsdóttir	Samhygð	620	34	1964-2006
2.	Ingibjörg Ívarsdóttir	Samhygð	412	18	1973-1990
3.	Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	279	23	1981-2008
4.	Fanney Ólafsdóttir	Vaka	255	13	1991-2007
5.	Sveinbjörg Stefánsdóttir	Samhygð	241	16	1973-1995
6.	Þuríður Einarsdóttir	Vaka	204	14	1973-1987
7.	Guðbjörg Tryggvadóttir	Vaka	200	13	1981-1997
8.	Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	164	9	1995-2003
9.	Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	154	12	1996-2008
10.	Helga Björg Helgadóttir	Vaka	153	9	2000-2008
11.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	146	7	2002-2008
12.	Ólöf Halldórsdóttir	Vaka	142	10	1962-1972
13.	Hildur Harðardóttir	Samhygð	137	11	1991-2006
14.	Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	112	10	1997-2008
15.	Guðrún Guðmundsdóttir	Samhygð	107	7	1989-2005

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Kæru kvenfélagskonur!

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og þakka ykkur samstarfið á liðnu ári.

Tiltektardagur

Eru ekki einhverjar ykkar til í að koma í tiltekt í eldhúsinu í Þjorsárverri? Ætlunin er að fara í gegnum skápa í eldhúsinu og búi og taka þar vel til.

Margt er þar sem ekki er lengur í notkun og tekur óþarfa pláss.

Laugardagurinn 7. febrúar eftir kl. 13:00 er ákveðinn í verkið.

Oft fæðast góðar hugmyndir við léttu vinnu í góðum félagsskap, sem gott væri að stefna að á nýju ári, og leggja upp með á aðalfundinum, sem verður væntanlega þann 7. mars n.k.

Nánar auglýstur síðar.

Opið hús

Halla í Kolsholti býður okkur í opið hús til sín 12. febrúar n.k. frá kl. 20:30.

Munið eftir bakkelsinu og góða skapinu.

Sjáumst vonandi sem flestar.

Eigið góðar stundir.

Fyrir hönd stjórnar
Valgerður Gestsdóttir

spjótkast	29,98 Hildur Harðardóttir	Samh. 1995
nýtt spjót (1998)	25,60 Hildur Harðardóttir	Samh. 1999

[Jón M. Ívarsson tók saman]

Stigahæstu keppendur

Margir hafa lagt mikið á sig til að vinna stig fyrir sitt félag en mesta athygli vekur sú félagstryggð sem fær þetta fólk til að koma á mótin ár eftir ár og leggja sitt af mörkum. Hér kemur listi yfir þá sem hafa unnið fleiri en 100 stig samtals á mótunum.

Áður voru færri stig í boði og til þess að jafna leikinn eru stig reiknuð þannig að fyrsti maður fær 6 stig, næsti 5 o.s.frv. Óvíst er að þeir sem kepptu fyrir 1989 fái öll sín stig skráð og kvennagreinir voru mun færri allt fram til 1983 en nær verður ekki komist.

Karlar

nr.	nafn	félag	stig	mót	tímabil
1.	Jason Ívarsson	Samhygð	494	29	1971-2008
2.	Einar H. Haraldsson	Vaka	492	25	1980-2008
3.	Bjarki Reynisson	Vaka	360	24	1962-2005
4.	Bergþór Halldórsson	Vaka	350	16	1964-1979
5.	Guðmundur Ágústsson	Vaka	259	8	1939-1947
6.	Þórarinn Sveinsson	Vaka	238	17	1973-1996
7.	Stefán Geirsson	Samhygð	209	14	1995-2008
8.	Haraldur Einarsson	Vaka	190	9	2000-2008
9.	Jóhannes Guðmundsson	Samhygð	188	9	1944-1952
10.	Sigurfinnur Bjarkarsson	Samhygð	184	9	1994-2006
11.	Guðbergur Kristjánsson	Vaka	181	11	1997-2007
12.	Pétur Guðmundsson	Samhygð	166	12	1978-2006
13.	Ólafur Einarsson	Vaka	165	18	1962-1986
14.	Kristján Már Sigurjónsson	Vaka	160	11	1964-1979
15.	Sigmundur Ámundason	Vaka	153	11	1953-1962
16.	Hafsteinn Þorvaldsson	Vaka	138	10	1949-1960
17.	Gísli Guðmundsson	Vaka	134	6	1947-1953
18.	Sigurjón Erlingsson	Samhygð	133	8	1951-1958
19.	Hergeir Kristgeirsson	Samhygð	125	7	1949-1956
20.	Guðmundur Ingimarsson	Samhygð	118	13	1979-1994
21.	Rúnar Guðmundsson	Vaka	115	5	1947-1951
22.	Sveinn Á. Sigurðsson	Samhygð	114	8	1961-1968
23.	Sigurður Steindórsson	Samhygð	112	10	1957-1966
24.	Andrés Guðmundsson	Samhygð	110	12	1982-2006

samkvæmt samgönguáætlun 2007-2010.

Við þessa vegi hefur umferð aukist til muna undanfarin ár og þær framkvæmdir sem hafa átt sér stað á ofangreindum vegum eru í algjöru skötulíki og vegfarendum ekki bjóðandi.

Ofaníburður sem notaður hefur verið á vegina er leðjukenndur og á köflum hættulegur þeim sem um vegina aka.

Þetta stendur búsetu, þróun byggðar, atvinnu og ferðaþjónustu fyrir þrífum en íbúar og aðrir vegfarendur gera kröfu um gæði vega.

Ólafsvíkuryfirlýsing

Sveitarstjórn hefur staðfest Ólafsvíkuryfirlýsingu eða yfirlýsingu sveitarfélaga um að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar.

Áður hafði umhverfisnefnd Flóahrepps fjallað um yfirlýsinguna þar sem lýst var yfir stuðningi við hugmynd sveitarstjórnar um að undirrita yfirlýsinguna. Umhverfisnefnd fagnaði jafnframt undirbúningsstarfi við Staðardagskrá 21 í sveitarfélaginu.

Fjárhagsáætlun 2009, seinni umræða

Fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2009 var afgreidd á fundi sveitarstjórnar 21. janúar s.l.

Áætlun gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús.kr.:

Heildartekjur kr. 323.582

Rekstrargjöld kr. 336.932

Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta er neikvæð um kr. 13.606

Heildarfjárfesting er áætluð kr. 30.750.

Sveitarstjórn samþykkti að endurskoða fjárhagsáætlun þegar ársreikningur fyrir árið 2008 liggur fyrir.

Forsendur við undirbúning fjárhagsáætlunar voru þær að álagning fasteignagjalda yrði óbreytt frá fyrra ári utan sorphirðugjöld fyrir almennt sorp sem fer til urðunar. Þau hækka fyrir 660 ltr og 1.100 ltr kör en óbreytt verð verður fyrir 240 ltr. tunnu. Þessi hækkun er tilkomin vegna breytinga á fyrirkomulagi sorphirðu og sorpeyðingu en jafnframt hefur verið erfitt að láta þennan málaflokk standa undir sér og sveitarfélagið hefur greitt talsverðar upphæðir á hverju ári með hreinsun og urðun sorps.

Útsvarsprósenta hækkar frá fyrra ári og verður 13,28% af útsvarsstofni en Alþingi samþykkti þann 20. desember sl. lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fela meðal annars í sér hækkun hámarksútsvars um

0,25 prósentustig, þ.e. úr 13,03% af útsvarstofni í 13,28%, sbr. 3. gr. laganna.

Flóahreppur er háður framlögum frá Jöfnunarsjóði en sjóðurinn hefur heimild til að lækka framlög þeirra sveitarfélaga sem ekki fullnýta tekjustofna.

Í áætlun var gert ráð fyrir 5% lækkun útsvars, óbreyttum fasteignaskatti og lóðarleigu og að fjármagnsgjöld hækki um 10%.

Rekstrarkostnaði verður haldið í lágmarki árið 2009 og reynt eftir fremsta megni að leita leiða til að skera niður kostnað.

Gert verður ráð fyrir 5% samningsbundnum hækkunum launa og 0,5% hækkun mótframlags í A-deild LSS.

Gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi fasteigna á árinu en kappkostað að ljúka því sem eftir var af áætlaðri viðhaldsvinnu fasteigna sveitarfélagsins 2008.

Einnig var samþykkt að láta tæma rotþrær við heimili og stofnanir í sveitarfélaginu á þriggja ára fresti frá og með árinu 2009.

Gjaldskrá er ætlað að taka mið af raunkostnaði við losun rotþróa og skiptist í þrjár greiðslur á þremur árum fyrir eina losun. Fengið var tilboð í losun frá viðurkenndum verktaka en einnig þarf að greiða fyrir urðun seyrju.

Greiðsla á hverju ári er 7.000 kr. eða 21.000 kr. heildargjald fyrir hverja losun samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar frá 21. janúar s.l.

Breytingar á aðalskipulagi Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps

Sveitarstjórn hefur samþykkt breytingar á aðalskipulagi í fyrrum Hraungerðishreppi og Gaulverjabæjarhreppi.

Breytingar voru gerðar á greinargerðum Hraungerðishrepps og Gaulverjabæjarhrepps til að samræma ákvæði aðalskipulags hreppanna þriggja þannig að sömu skilmálar gildi fyrir allt svæði innan Flóahrepps. Í tillögunni eru m.a. breytingar á ákvæðum varðandi stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum, skilgreining á hámarksstærðum frístunda- og íbúðarhúsasvæða í dreifbýli auk ákvæða um stærðir lóða og nýtingarhlutfall.

Jafnframt var samþykkt breyting í landi Ölvisholts sem felur í sér að um 32 ha svæði vestan Ölvisholtsvegjar, milli Ölvisholts og Miklaholtshellu, breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Einnig var samþykkt breyting í landi Bitru. Í breytingunni felst að á um

Fróðleikur um Samhygðar og Vökumótin

Ágætu félagar Samhygðar og Vöku. Að undanfögnu hef ég skoðað sögu Samhygðar og Vökumóta í tengslum við sögu HSK og þar kennir margra fróðlegra grasa. Mótin hófust eins og kunnugt er árið 1939 og er því búið að halda 70 mót árið 2008. Þetta er lengsta samfellda mótasaga á Íslandi og enn halda mótin velli meðan Hreppamót, Baldurs og Skeiðamót og Rangæingamót hafa nýlega horfið af sjónarsviðinu.

Ég hef tekið saman nokkrar staðreyndir um mótin sem gömlum og nýjum keppendum félaganna og fleirum gæti þótt gaman að renna augum yfir. Hér kemur listi yfir bestu afrek í hverri grein sem unnin hafa verið á mótunum og eru þar með mótsmet. Þetta er meðal annars hugsað sem hvatning til yngra fólksins að reyna að slá þessi met sem sum hver eru komin til ára sinna. Reyndar eru metin nokkuð góð enda hafa Samhygð og Vaka verið þekkt fyrir sitt góða íþróttafólk gegnum tíðina.

Mótsmet karla

100 m hlaup	11,6	Haraldur Einarsson	Vaka 2007
800 m hlaup	2:14,0	Þórður Þorgeirsson	Vaka 1941
“	2:20,0	Guðjón Gestsson	Vaka 1961
1500 m hlaup	4:37,5	Markús Ívarsson	Samh.1978
“	4:37,5	Einar Hermundsson	Vaka 1979
langstökk	6,48	Einar H. Haraldsson	Vaka 1985
hástökk	1,80	Bergþór Halldórsson	Vaka 1969
þristökk	13,60	Jason Ívarsson	Samh.1972
stangarstökk	3,60	Eggert Guðmundsson	Samh.1987
kúluvarp	18,63	Pétur Guðmundsson	Samh.1988
kringlukast	48,86	Pétur Guðmundsson	Samh.1989
spjótkast	52,04	Pétur Guðmundsson	Samh.1984
nýtt spjót (1986)	51,92	Pétur Guðmundsson	Samh.1988

Mótsmet kvenna

80 m hlaup	11,4	Helga Ívarsdóttir	Samh.1959
100 m hlaup	12,9	Unnur Stefánsdóttir	Samh.1985
800 m hlaup	2:30,3	Unnur Stefánsdóttir	Samh.1984
4x100 m boðhlaup	56,9	Sveit Samhygðar	Samh.1964
langstökk	5,21	Ingibjörg Ívarsdóttir	Samh.1985
hástökk	1,55	Ingibjörg Ívarsdóttir	Samh.1984
þristökk	9,91	Halldóra Markúsdóttir	Samh.2004
kúluvarp	11,99	Bryndís Guðnadóttir	Samh.1990
kringlukast	30,94	Þuríður Einarisdóttir	Vaka 1976

Þessara daga og foreldrafélagið stendur fyrir grímuballi fyrir nemendur að kvöldi sprengidags. Grímuballið að þessu sinni verður í Félagslundi þriðjudagskvöldið 24. febrúar og hefst klukkan 20.

Við erum nú að vinna í því að efla félagslíf nemenda og gefa elstu nemendum skólans tækifæri til að koma saman utan skólatíma. Föstudagskvöldið 6. febrúar verður “diskó” fyrir nemendur í 6. og 7. bekk. 7. bekkingar stefna svo að því að halda “opið hús” með reglulegu millibili og einnig er að hefjast vinna þeirra við útgáfu skólablaðs.

Flóaskóli mun taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni eins og mörg undanfarin ár. Innanhússkeppni Flóaskóla fer fram þriðjudaginn 24. febrúar, en það eru 7. bekkingar sem keppa innbyrðis um 2 sæti fulltrúa skólans í aðalkeppninni. Stóra upplestrarkeppnin verður svo haldin í Árnesi miðvikudaginn 11. mars. Samstarf Flóaskóla og leikskólans Krakkaborgar er alltaf að eflast, en starfsfólk Krakkaborgar hefur á metnaðarfullan hátt aukið þátt markvissrar málörvunar í leikskólastarfinu. Sá þáttur skilar sér mjög vel sem undirbúningur fyrir lestrarnám barnanna. Elstu börn Krakkaborgar koma nú í heimsókn í Flóaskóla tvisvar í mánuði og verða svo hjá okkur í heila viku í maí.

Undirbúningur fyrir næsta skólaár er nú að hefjast en það verða tímamót í starfi skólans í haust þegar 8. bekk verður kennt við Flóaskóla í fyrsta sinn. Þeir íbúar Flóahrepps sem vilja koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum varðandi skólastarfið er bent á að gera það tímanlega. Það er sjálfsagt að taka tillit til álits þeirra sem samfélagið byggja en erfitt að gera það ef athugasemdir koma eftir á og þegar starfið er komið í fullan gang.

Sveitungar hafa verið mjög duglegir að taka við sér eftir síðasta pistil frá Flóaskóla sem birtist í Áveitunni í byrjun janúar. Nokkrir hafa haft samband og boðist til að sinna sjálfboðastarfi við hin ýmsu verk innan skólans. Einnig höfum við fengið senda kassa af efnisbútum, tölum og garni auk annars varnings til hannyrða og föndurs. Við kunnum ykkur öllum bestu þakkir fyrir og finnst frábært að þið hafið áhuga á skólanum og skólastarfinu.

*Með bestu kveðju, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.*

76 ha svæði meðfram Suðurlandsvegi breytist landnotkun úr landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota sem fyrirhugað er að nýta undir 18 holu golfvöll. Þá breytist afmörkun svæða fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar án þess að hafa áhrif á stærð þeirra sem er um 67 ha. Tillögurnar voru í auglýsingu frá 23. október til 20. nóvember 2008 með fresti til athugasemda til 4. desember. Engar athugasemdir bárust í auglýstar tillögur.

Gámasvæði

Í síðasta fréttablaði var ranglega sagt frá því að sveitarstjórn hefði tekið ákvörðun um að gámasvæði sveitarfélagsins verði í Heiðargerði. Hið rétta er að sveitarstjórn samþykkti að loka gámasvæðinu við Félagslund en engin ákvörðun var tekin um hvar framtíðargámasvæði yrði staðsett.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Fræðslukvöld í boði Foreldrafélags Krakkaborgar!

Fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20:30 mun Foreldrafélag Krakkaborgar standa fyrir fræðslukvöldi í Flóaskóla. Það eru þrjár konur úr foreldrafélaginu sem munu flytja fyrirlestra. Hulda Kristjánsdóttir íþróttakennari fjallar um *hreyfingu barna*, Sigrún Helgadóttir uppeldis- og menntunarfræðingur fjallar um *uppeldisaðferðir barna*, og Sigurbára Rúnarsdóttir þroskaþjálfari kynnir *Tákn með tali*.

Allir eru velkomnir, mömmur, pabbar, ömmur, afar og allir þeir sem hafa áhuga. Allir sveitungar hvattir til að mæta. Það kostar ekkert og heitt verður á könnunni.

Kv. Foreldrafélag Krakkaborgar

P.s Athugið að fyrirlestrarnir eru í **Flóaskóla**.

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 12. febrúar og hefst kl. 20:30. Hefðbundin aðalfundarstörf, myndasýning úr starfi félagsins. Nýir félagar velkomnir. Kaffiveitingar. Stjórnin

Klaufskurður

Við verðum á ferðinni við klaufskurð á kúm í Flóanum um miðjan febrúar. Þeir sem hafa áhuga, hafið samband við okkur sem fyrst, svo við getur skipulagt okkur betur.

Þorsteinn Logi sími 867-4104
Sigmar Örn sími 696-8653

Frá Hestamannafélaginu Sleipni:

Aðalfundur

Verður haldinn fimmtudaginn 12. febrúar 2009 kl. 20.30 í Hliðskjálf.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Staðan í reiðhallarmálum.

Stjórnin

Járningar og hófhirða

Fræðslunefnd Sleipnis hefur ákveðið að standa fyrir fyrirlestri um járningar og hófhirðu.
Fyrirlesari er Sigurður Torfi járngameistari.
Þriðjudaginn 17. febrúar kl 20:00 í félagsheimilinu að Hliðskjálf.
Verð fyrir félagsmenn 1000 kr og 1200 kr fyrir aðra.

Fyrirhugað er að hafa svo tvö járnanganámskeið í febrúar, annars vegar styttra námskeið fyrir þá sem vilja geta bjargað sér ef skeifa dettur undan t.d. í ferðalögum og svo lengra alhliða járnangarnámskeið.

Fræðslunefnd

Kynningarfundur

Æskulýðsnefnd Sleipnis heldur kynningarfund um starf vetrarins í félagsheimilinu Hliðskjálf, þriðjudaginn 10. febrúar nk. kl 20:00.
Stefnt er á að halda almenn reiðnámskeið fyrir börn og unglunga og námskeið eftir knapamerkjakerfi.
Skráning fer fram á kynningarfundinum.
Boðið verður upp á pizzur og gos.

Æskulýðsnefnd



Í okkar starfsmannahóp hafa bæst þau Helena og Rúnar. Helenu þekkjá kannski einhver ykkar en hún hefur áður unnið hér í Krakkaborg eða á árunum 2005, 2006 og 2007. Við bjóðum hana innilega velkomna í hópinn okkar. Rúnar Þór byrjaði hjá okkur í Krakkaborg í janúar. Hann hefur tveggja ára reynslu af leikskólastarfi og mun starfa á elstu deildinni sem heitir Tígradeild. Við bjóðum Rúnar Þór hjartanlega velkomin í okkar góða starfsmannahóp.

Ég óska öllum gæfu og gengis á nýju ári, kveðja frá leikskólastjóra.

Frá Flóaskóla

Um þessi mánaðarmót eru ákveðin þáttaskil í skólastarfinu en nemendur þreyta nú próf í ýmsum greinum og mæta svo til viðtals hjá umsjónarkennara ásamt foreldrum sínum. Viðtölin eru nýtt til þess að fara yfir vitnisburð nemenda, skoða hvaða árangri hefur verið náð og hvaða markmið við þurfum að setja okkur til vorsins.

Framundan eru bolludagur, sprengidagur og öskudagur en þessir dagar eru alltaf skemmtilegir í skólanum. Mötuneytiskonur gleðja okkur samkvæmt hefð

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru foreldrar, sveitungar og vinir, gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir árið sem nú hefur runnið sitt skeið. Við horfum björtum augum til framtíðarinnar hér í Krakkaborg þrátt fyrir erfiða tíma í þjóðfélaginu. Vel er staðið að Krakkaborg í alla staði þar sem kvenfélögin í hreppnum hafa fært leikskólanum veigamiklar gjafir og þökkum við kærlega fyrir að eiga svona góða að. Kvenfélag Villingarholtshrepps færði okkur sterk og endingargóð hjól í haust og kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps færði okkur mjög stóran og glæsilegan bókarpakka að gjöf rétt fyrir jólin. Í leikskólanum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á haustönninni en allar þessar breytingar eru skólanum okkar til góða og er besti mælikvarðinn á góðan leikskóla ánægð börn, foreldrar og starfsfólk.



Árið fer vel af stað hér og hefur nemendum hér fjölgað úr 35 í 39. Fjögur börn eru byrjuð til viðbótar á yngstu deildinni sem heitir Bangsadeild og leggst það vel í Bangsana sem fyrir eru að fá þessa skemmtilegu viðbót á deildina. Börnin sem eru byrjuð heita Arnór Leví, Svandís, Þórunn Eva og Kristín Helga. Viljum við bjóða þau velkomin í Krakkaborg.

Pistillinn

Ágætu lesendur

Þar sem skorað var á mig að skrifa pistilinn þá er víst ekki annað að gera en sinna því.

Ég ætla að fara dálítið aftur í tímann eða til ársins 1962 þegar ég var 14 ára.

Á þessum árum var S.Í.S. með fóðurlöndunarstöð í Þorlákshöfn. Þá voru oft fengnir menn að í uppskipunarvinnu þegar skip komu með mjöl en þá var allt flutt í pokum.

Svo var það einhverntímann á góunni að það átti að koma skip og það var ákveðið að ég færi. Ég fór með Stebba í Vorsabæ ásamt fleiri bændum úr sveitinni.

Það var nokkuð stíft suðvestanátt og þegar við vorum komnir út í Þorlákshöfn þá gat skipið ekki lagst að bryggju og við vorum sendir heim aftur. Þá var bara suðurgarðurinn í höfninni. Skömmu seinna kom Stebbi heim og var með peninga til mín, 96 kr. fyrir ferðina. Mér fannst alveg ótrúlegt að fá borgað fyrir að „gera ekki neitt,” eða svo fannst mér. Svo kom aftur skip í maí og þá fór ég aftur. Ég man hvað vegurinn út Ölfusið var slæmur, meira og minna í drullahvörfum. Nú gat skipið lagst að og öllu skipað upp úr því. Ég var upp í pakkhúsi ásamt Stebba í Vorsabæ, Gumma í Vorsabæjarháleigu, Munda í Sviðugörðum og Jóni á Eystri Hellum og einhverjir fleiri. Pokarnir voru teknir af bílnum, settir á færiband sem var hækkað og lækkað eftir þörfum og við tókum á móti. Hveitikliðpokarnir voru auðveldir við að eiga, vel fullir og „ekki nema” 40 kg. En maísinn var erfiðari, lausara í pokanum og 63 kg hver poki. Þetta var í lagi meðan hægt var að taka af bandinu í hæfilegri hæð en erfiðara þegar komið var upp undir þak og bandið náði ekki nógu hátt. Þegar komið var fram yfir miðnætti varð það sífellt erfiðara að beyga sig eftir pokunum og stafla þeim í mittishæð eða meira, en það var bara einn um hvern poka. Við vorum að til kl. 1 um nóttina og fyrir þetta fékk ég 594 kr, en þetta þótti uppgripavinna á þessum árum. Ég fór svo í fimm önnur skipti þetta ár og vorum við tvisvar einn og hálfan sólarhring samfelld.

Við förum svo öðru hverju næstu ár að vinna við uppskipun á méli, tímbrí og sementi og útskipun á ull og vorum þá alltaf í lestinni og þá tveir með hvern poka. Ég var ekki sá eini sem fór svona ungar en það

þótti ekki tiltökumál á þessum tíma og hef ég stundum hugsað um það hvernig því yrði tekið nú á dögum ef unglingar yrðu sendir í svona erfiðisvinnu.

Ég ætla nú að láta þessari frásögn lokið og skora á Bjarna í Gegnishólaparti að skrifa næsta pistil.

Ritað á 7. degi þorra anno 2009

Markús Ívarsson

Frá Umf. Vöku

Héraðsmót HSK inni

Haldið á Hvolsvelli þann 22. janúar 2009

Haraldur Einarsson '87 UMF. Vaka	Hástökk án atr.	1,40m	2. sæti
	Þrístökk án atr.	8,52m	3. sæti
	Hástökk	1,60m	7. sæti
	Kúluvarp	10,06m	7. Sæti
Ingunn Harpa Bjarkad. '91 UMF. Vaka	Langstökk án atr.	2,48m	2. sæti
	Þrístökk án atr.	6,56m	4. sæti
	Hástökk án atr.	1,05m	4. sæti
	Hástökk	1,35m	5. Sæti-
	Kúluvarp	7,66m	9. Sæti
Bjarni Már Ólafsson '91 UMF. Vaka	Stangarstökk	2,80m	Gestur
	Langstökk án atr.	2,62m	Gestur
Matthildur M. Guðmunds. '90 UMF. Vaka	Hástökk án atr.	0,90m	7. sæti
	Þrístökk án atr.	6,07m	7. sæti
	Langstökk án atr.	1,97m	9. sæti
	Kúluvarp	5,43m	11. sæti

Innanhúsmót Umf. Vöku var haldið þann 18. janúar s.l. í Þjósárverri. Keppt var í hástökki, langstökki án atr. og þrístökki án atr. Úrslit mótsins koma hér að neðan.

Hástökk:

Drengir

1. Tómas Karl Guðsteinsson – 1,30m

Piltar

1. Arnar Einarsson – 1,20m

2. Sveinn O. Einarsson – 1,10m

Strákar

1. Jón Þ. Pálsson – 1,10m

2. Jóann P. Smárason – 0,90m

Hnokkar

1. Ýmir Atlason – 0,90m

2. Sigurður J. Bogans – 0,80m.

Ungkonur

1. Guðmunda Ólafsdóttir – 1,15m

Stúlkur

1. Ingunn H. Bjarkadóttir – 1,40m

Stelpur

1 Guðrún I. Helgadóttir – 1,10m

Hnátur

1. Kolbrún K. Jónsdóttir – 0,70m.

Langstökk

Drengir

1. Tómas Karl Guðsteinsson – 2,11m

Piltar

1. Arnar Einarsson – 1,91m

2. Sveinn O. Einarsson – 1,74m

Strákar

1. Jón Þ. Pálsson – 1,62m

2. Jóann P. Smárason – 1,62m

Hnokkar

1. Ýmir Atlason – 1,71m

2. Sigurður J. Bogans – 1,53m

Ungkonur

1. Guðmunda Ólafsdóttir – 1,97m

Stúlkur

1. Ingunn H. Bjarkadóttir – 2,40m

Stelpur

1 Guðrún I. Helgadóttir – 1,89m

Hnátur

1. Kolbrún K. Jónsdóttir – 1,22m.

Þrístökk

Piltar

1. Arnar Einarsson – 5,06m

2. Sveinn O. Einarsson – 4,87m

Strákar

1. Jóann P. Smárason – 4,39m

2. Jón Þ. Pálsson – 4,20m

Hnokkar

1. Ýmir Atlason – 4,70m

2. Sigurður J. Bogans – 4,36

Ungkonur

1. Guðmunda Ólafsdóttir – 6,02m

Stúlkur

1. Ingunn H. Bjarkadóttir – 6,53m

Stelpur

1 Guðrún I. Helgadóttir – 5,13m

Hnátur

1. Kolbrún K. Jónsdóttir – 3,73m.

HSK-Mót!

Unglingamót HSK 15-22 ára og Aldursflokkamót HSK 12-14 ára verða haldin samhliða á Laugarvatni þann 22. feb. Mótin hefjast klukkan 10:00. Skráning hjá Tómasi Karli (865-0526).

Íþróttanefnd